

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2013

2014/EES/19/01

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 56/2013 frá 16. janúar 2013 um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/235/ESB frá 23. maí 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:
„– **32013 D 0235:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/235/ESB frá 23. maí 2013 (Stjútíð. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 29).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
„– **32013 R 0056:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 56/2013 frá 16. janúar 2013 (Stjútíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 56/2013 og ákvörðunar 2013/235/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 3.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 29.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.